



FFSÍ

FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 128/426
komudagur 3. 12. 2002

Reykjavík 2. desember 2002.

Nefndsvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstæti 8-10
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um vitamál, nr. 132/1999

Farmanna og fiskimannasamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. FFSÍ

Árni Bjarnason

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 128/411

komudagur 2.12.2002

Reykjavík 2. desember 2002

Samgöngunefnd Alþingis
bt. Ágúst Geirs Ágústssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Ha 113/2002 BLB/rh
Tilv.: Tilvísun

Efni: Beiðni um umsögn um breytingar á vitalögum

Samkvæmt bréfi, dags. 20. nóvember 2002, er óskað eftir umsögn Hafnasambands sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingar á lögum um vitamál nr. 132/1999.

Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Birgir L. Blöndal

Birgir L. Blöndal

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/446
komudagur 3. 12. 2002



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,
v/samgöngumefndar,
Austurstræti 8-10.
150 Reykjavík.

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. desember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999 - 258. mál, vitagjald, sæstrengir.

Vísað er til bréfs dags. 20. nóvember 2002 þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum um vitamál, nr. 132/1999 – 258 mál.

Varðandi 1. grein frumvarpsins þá viljum við vekja athygli á villu sem er í lokamálsgrein athugasemda við greinina þar sem sagt er að skip minni en 10 brúttótonn séu “undanþegin vitagjaldi samkvæmt gildandi reglum.”

Hvað 2. grein frumvarpsins varðar þá förum við þess á leit að því verði bætt við ákvæðið að við lagningu sæstrengja og neðansjárleiðslna skuli það haft að leiðarljósi að valda sem minnstri röskun á fiskveiðum og að ávalt skuli haft samráð við Landssamband íslenskra útvegsmanna varðandi legu þeirra. Miklu skiptir fyrir útgerðina að við val á legu sæstrengja og neðansjárleiðslna sé þess gætt að sem minnst röskun verði á fiskveiðum sem stundaðar eru á viðkomandi svæðum. Til að tryggja að svo verði er nauðsynlegt að útvegsmenn komi að undirbúningi mála. Þetta eru einnig hagsmunir þeirra sem stengina og leiðslunar eiga til að koma í veg fyrir skemmdir á þeim af völdum veiðarfæra.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 128/472
komudagur 4.12.2002

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



4. desember 2002

Htv. samgöngunefnd Alþingis
Guðmundur Hallvarðsson formaður

Efni: Umsögn um mál nr. 258, frumvarp til laga um
vitamál, vitagjald og sæstrengir.

Landssamband smábátæigenda (LS) gerir ekki athugasemdir við þann hluta frumvarpsins sem fjallar um sæstrengi.

LS leggur til að í stað hækkunar á lágmarksgjaldi verði gjald vegna komu erlendra skipa, sem setja farþega eða vörur á land, hækkað. Í stað þess að skipin greiði fjórðung gjaldsins verði þeim gert að greiða þriðjung. Upplýsingar sem fram komu í frumvarpi til laga um vitamál 1999 skýrðu frá að gjaldskráin hér væri aðeins 30% af því sem hún er í Bretlandi. Hækkunin yrði því einvörðungu til samræmis við aðrar þjóðir.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurbíó höfðu 35 skemmtiferðaskip hér viðvöl á þessu ári. Tekjur af vitagjaldi frá þeim námu 14 milljónum. Ef gert yrði ráð fyrir 14% hækkun á brúttótonnagjaldi og 66% afslætti yrði gjaldið á næsta ári kr. 21,4 milljónir, væri afslátturinn 75% yrðu tekjur af vitagjaldi frá skemmtiferðaskipum 16 milljónir. Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að skip minni en 10 brúttótonn séu undanþegin vitagjaldi. Verði fallist á breytinguna sem hér hefur verið komið á framfæri væri hægt að undanskilja öll skip minni en 50 brúttótonn frá vitagjaldi og koma þannig til móts við sjónarmið stórútgerðarinnar um að lækka kostnað fyrir útgerðir „sem byggja afkomu sína aðallega á þorskveiðum, eins og bátáflotinn gerir, þegar veiðiheimildir eru skornar niður eins og gerst hefur þrjú ár í röð. Það hefur valdið því að fjöldi útgerða hefur gefist upp eins og dæmin sanna“ (Fiskifréttir 8.11.2002, tilv. Í ræðu Kristjáns Ragnarssonar á aðalfundi LÍÚ 31. október 2002)

Undirritaður vekur athygli á að í fylgiskjali með frumvarpinu, umsögn fjármálaráðuneytisins, kemur fram að verði frumvarpið að lögum muni tekjur af vitagjaldi aukast um fimmtung frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2002. Ástæða er því til að íhuga vel hvort þörf sé á þeim þætti frumvarpsins sem lýtur að hækkun á vitagjaldi.

Virðingarfyllt
fh. Landssambands smábátæigenda


Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Reykjavík, 2. desember 2002

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vitamál

Í bréfi dagsettu 19. febrúar er óskað umsagnar Olíudreifingar ehf. á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vitamál, 258. mál 128. löggjafarþings.

Um er að ræða tvær breytingar, annarsvegar um hækkun á vitagjaldi og hins vegar ákvæði er varða lagningu sæstrengja.


Olíudreifing hefur engra hagsmuna að gæta er varðar sæstrengi og fjallar því ekki um þann lið í umsögn sinni.

Hvað vitagjaldið varðar kemur hvergi fram í greinargerð þeirri sem fylgir með frumvarpinu af hverju kostnaðarhækkunin stafar, en gera verður ráð fyrir því að með tækni framförum minnki viðhalds- eftirlits- og stofnkostnaður þess búnaðar sem nauðsynlegur er til að leysa þau verkefni sem gjaldið á að standa undir, enda flest allir vitar landsins orðnir mannlausir. Hækkunin, sem er 14% frá árslokum 1999, er svipuð og almenn verðlagsþróun og ekki kemur fram í greinargerðinni að verkefni hafi aukist, þannig að greinilegt er að stofnunin hefur ekki verið að spara á þeim tækni framförum orðið hafa eða nýta sér þá hagræðingarmöguleika sem þær gætu haft í för með sér.

Auk þessara gjalda tekur stofnunin meðal annars gjald fyrir útgefni sjókort og sjókortaleiðréttingar og ekki er gerð grein fyrir þeirri gjaldtöku í greinargerðinni með frumvarpinu, svo rökstuðningurinn fyrir hækkuninni er afar ófullkominn.

Er því ekki hægt að fallast á þá hækkun sem lögð er til á þeim forsendum og rökum sem gefin eru og rétt að beina því til stofnunarinnar að sýna ráðdeild í rekstri.

Virðingarfyllst
f.h. Olíudreifingar ehf.,


Gestur Guðjónsson
Umhverfis- og öryggisfulltrúi

Alþingi
Erindi nr. P 128/561
komudagur 4.12.2002



TELEFAX

Olíufélagið ehf

Sudurlandsbraut 18, Box 8200, IS-128 Reykjavík, Tel. +354- 560 3300 Fax +354-560 3350

Til: **Ágústs Geirs Ágústssonar** Dag 4. des. 02
Bt.: Fax:
Frá: **Olíufélaginu – Magnúsi Ásgeirssyni**
Deild.:
Varðar: **Frumvarp til laga um vitamál**
Fj.bls.: **að þessarri meðtalinni**

Félagið hefur fengið til umsagna frumvarp þetta og gerir engar athugasemdir.

Bestu kveðjur


Magnús Ásgeirsson



SAMBAND ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA

ICELANDIC SHIPOWNERS' ASSOCIATION

Alþingi

Erindi nr. Þ 128/424

komudagur 3.12.2002

Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2002.

FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM VITAMÁL,

Nr 132/1999.

MÁL Nr 258.

UMSÖGN SAMBANDS ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða, SÍK, þakkar bréf samgöngunefndar Alþingis dags 20. nóvember s.l. þar sem óskað er umsagnar SÍK um ofangreint frumvarp.

Frumvarp þetta felur í sér 14 % hækkun vitagjalds. Þar sem vitagjald er skattur sem lagður er á útgerðir skipa og fellur að mestum hluta á útgerðir kaupskipa og þar sem kaupskipaútgerðir hafa engin önnur úrræði til að verjast þeim auknu útgjöldum, sem af þessari auknu skattlagningu leiðir, en með hækkun flutningsgjalda, hljóta kaupskipaútgerðir að mótmæla þeim hækkunum sem í frumvarpinu felast. Slík mótmæli kaupskipaútgerðanna verður að skoða m.a. í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu.

Árið 1994 námu innheimt vitagjöld samtals 58,1 millj kr en kostnaður vegna þeirrar þjónustu Siglingastofnunar sem fellur undir vitasvið stofnunarinnar nam á því ári kr 115,6 millj kr. Þannig stóðu innheimt vitagjöld ársins 1994 undir 50,18 % af útgjöldum til málaflokksins.

Á árinu 2001, þ.e. 7 árum síðar, námu innheimt vitagjöld samtals kr 90,1 millj kr en útgjöld til málaflokksins það ár voru 103,3 millj kr. Árið 2001 stóðu vitagjöld undir 87,2 % útgjalda Siglingastofnunar vegna vitasviðs.

Þessa miklu breytingu má rekja til þess að innheimt vitagjald hefur hækkað að raunvirði úr 74,7 millj kr árið 1994 í 90,1 millj kr á árinu 2001 mælt á verðlagi ársins 2001. Þessi hækkun felur í sér 20,6 % aukningu á skattstofni á undanförunum 7 árum. Á þessum 7 árum hefur kostnaður við rekstur vitabjónustu lækkað að raunvirði um nær 30% mælt á verðlagi ársins 2001.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að kostnaður vegna reksturs vitasviðs á árinu 2002 verði 118,0 millj kr sem er 14,23 % hækkun. Þessi hækkun er umtalsvert umfram almennar verðhækkanir á árinu. Enga skýringu er að finna í frumvarpinu á þessari skyndilegu hækkun kostnaðar vegna reksturs vitabjónustunnar fyrir árin 2002 og 2003.



SAMBAND ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA

ICELANDIC SHIPOWNERS' ASSOCIATION

Samband íslenskra kaupskipaútgerða telur fullt tilefni til þess að stemma stigu við skattahækkunum sem óhjákvæmilega leiða til hækkunar á verðlagi í landinu.

Athygli er vakin á því í greinargerð með frumvarpinu að stofnkostnaður vegna vitapjónustu hefur lækkað umtalsvert milli ára 1994 og 2001 en almennur rekstrarkostnaður, sem árið 1994 nam kr 109,7 millj mælt á verðlagi ársins 2001, verður nær óbreyttur árið 2002. Samband íslenskra kaupskipaútgerða gerir þá kröfu að íslensk stjórnvöld geri grein fyrir nauðsyn aukinna útgjalda vegna vitapjónustu á árunum 2002 og 2003 ekki síst í ljósi þess að útgjöld vegna þessa málaflokks hafa undanfarin 7 ár tekið stöðugum lækkunum. Uppbyggingu vitakerfisins er nú að fullu lokið og byggir rekstur vitasviðs nú fremur á eðlilegu viðhaldi en stofnkostnaði vegna byggingu nýrra vita.


Í ljósi þess að útgerðir kaupskipa og fiskiskipa standa undir 87,2 % þeirra útgjalda sem varið er til vitapjónustu á Íslandi, er eðlilegt að fulltrúar útgerðanna hafi meira um það að segja hvernig þessum fjármunum er varið. Gerir Samband íslenskra kaupskipaútgerða þá kröfu að Siglingastofnun Íslands verði gert skylt að leggja fyrir íslenskar útgerðir sundurliðun þeirra fjármuna sem ráðgert er að verja til vitapjónustunnar til skemmri og lengri tíma og að útgerðirnar geti þannig haft áhrif á með hvaða hætti þeim fjármunum, sem aflað er með skattheimtu á útgerðirnar, sé varið.

Í ljósi þess að Siglingastofnun Íslands hefur í greinargerð með frumvarpinu ekki gert grein fyrir nauðsyn eða tilefni þeirrar 15 millj kr hækkunar sem ráðgert er að verði á útgjöldum stofnunarinnar á vitapjónustu árunum 2002 og 2003 samanborið við útgjöld ársins 2001, mótmælir Samband íslenskra kaupskipaútgerða þeirri hækkun vitagjalds sem í frumvarpinu fellst. Hafi stofnunin rekið þessa þjónustu fyrir kr 103,3 millj kr árið 2001 verður ekki með nokkru móti séð hvers vegna sá kostnaður hækki um 14 % næstu tvö árin. Gerir sambandið kröfu um að hækkun vitagjalds verði frestað þar til ástættanleg rök eða skýringar fyrir boðaðri hækkun kostnaðar vegna vitapjónustunna liggja fyrir.

Virðingarfyllst

Samband íslenskra kaupskipaútgerða

Ólafur J. Briem



Alþingi
Erindi nr. Þ 128/571
komudagur 9.12.2002

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngunefnd Alþingis
b.t. Ágúst G. Ágústssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. desember 2002

Sam 415/2002 PS/sp
Tilv.: 215,0/05

Efni: Frumvarp til laga um vitamál

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 3. desember, var lagt fram bréf samgöngunefndar Alþingis, dags. 20. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um vitamál, 258. mál, vitagjald, sæstrengir.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. P 128/300
komudagur 28.11.2002

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 26.11.2002
Tilv. 023
HJ/hj


Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs yðar dags. 20. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um vitamál, 258. mál, vitagjald, sæstrengir.

Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins, en fulltrúar stofnunarinnar tóku þátt í samningu þess.

Virðingarfyllst,

f. h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi
Erindi nr. P 128/385

komudagur 2.12.2002


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999, 258. mál.

Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson



Alþingi
Samgöngunefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 2 desember 2002

Umsögn: Um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999 - 258. mál

Skeljungur hf. gefur hér með umsögn sína um breytingu á lögum um vitamál, skv. þskj. 269 – 258. mál.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið er tilgangur þess tvíþættur, að kveða á um hækkun vitagjalds í samræmi við verðlagsbreytingar frá því að upphæð gjaldsins var sett í lög í desember 1999 og að kveða á um að Siglingastofnun veiti umsögn eða samþykki fyrir lagningu mannvirkja í eða á sjó. Umsögn þessi fjallar um vitagjaldið en ekki er gerð athugasemd við annan tilgang frumvarpsins.

Álagt vitagjald er notað til að standa straum af kostnaði við rekstur Siglingastofnunar Íslands og skal það lagt á skip sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Gjaldið er lagt á öll skip, önnur en herskip, varðskip, tollgæslubáta, vitaskip og skip sem leita til hafnar í neyð.

Eins og fram kemur í athugasemdum nam álagt vitagjald árið 2001, 90,1 millj. kr. og þar af greiddu erlend skip 71,9 millj. kr. eða 80% gjaldsins.

Að mati Skeljungs hf. er skipum stórlega mismunað við álagningu vitagjalds og þá einkum erlendum og innlendum skipum. Þetta mat byggir á því að veittur er 100% afsláttur af vitagjaldi (sem er skattur í eðli sínu) komi skip oftast en fjórum sinnum til hafnar. Álagning gjaldsins miðast aðeins við stærð skipa, en ekki þá þjónustu sem þau fá frá Siglingastofnun. Sú aðferð sem beitt er gagnvart erlendum skipum, þ.e. að innheimta fjórðung gjaldsins við hverja komu til landsins (en þó ekki oftast en fjórum sinnum á ári), veldur einnig mismunum enda um háar fjárhæðir að ræða fyrir stór skip. Eindregið er lagt til að gjaldtöku verði breytt, þannig að gjald lækki hlutfallslega á stærri skipum, tilgreint verði hámarksgjald sem innheimta má af skipum eða í stað þess að innheimt sé fjórðungsgjald fyrir fyrstu viðkomu verði innheimt lægra hlutfall t.d. 1/12 hluti gjaldsins hverju sinni. Nauðsynlegt er að vitagjaldið endurspegli og taki mið af þeirri þjónustu sem skipum er veitt í stað þessa að vera skattur sem mismunar aðilum m.a. eftir þjóðerni.

Skeljungur hf. flytur inn fljótandi eldsneyti til landsins í stórum skipum, annarsvegar í 5-7000 tonna skipum og hinsvegar 22-28.000 tonna skipum. Auk þess er gas og asfalt flutt inn í skipum sem eru 2000 tonn og minni. Framangreindar skipastærðir miðast við DWT en vitagjald tekur mið af GT eða brúttótonnafjölda og verður skv. frumvarpinu kr. 80-90.000 í hvert sinn fyrir 5-7000 tonna skip og fyrir stærri skipin um kr. 300.000 í hvert skipti, þó ekki oftast en fjórum sinnum á ári eins og áður segir. Árlegur olíuinnflutningur Skeljungs nemur um 350 þúsund tonnum og það sem af er þessu ári er fjöldi farma orðinn 46 í alls 19 skipum. Af þessum 19 skipum hafa 2 skip komið oftast en fjórum sinnum að landinu en önnur skip sjaldnar en fjórum sinnum. Innflutningur hefur þróast þannig að um er að ræða mörg eða mismunandi skip sem sinna flutningum og þurfa þau í flestum tilfellum að greiða fjórðung vitagjalds í hvert sinn. Gera má ráð fyrir að á þessu ári hafi verið greiddar 4-5 milljónir í vitagjöld vegna innflutnings eldsneytis fyrir Skeljung, en ef sama innflutningi væri sinnt með færri skipum sem myndu njóta nákvæmlega sömu þjónustu þá næmu þessi gjöld um 2 milljónum.

Hér er að mati Skeljungs hf. um misræmi að ræða sem bæta þarf úr. Það sjónarmið hefur komið fram við umræðu á hinu háa Alþingi, að þar sem það séu útlendingar sem greiði þessa skatta að stærstum hluta, þarfnist málið ekki frekari umræðu. Sú afstaða ber Alþingi ekki gott vitni. Því er lagt til að álagning verði endurskoðuð með það í huga að viðskiptavinir Siglingastofnunar – þ.m.t. erlend skip sem sigla upp að landinu greiði vitagjöld í hlutfalli við þá þjónustu sem þeim er veitt. Það má gera með því að innleiða hámarksgjöld eða með því að innheimta lægra hlutfall t.d. 1/12 í hvert sinn, sem skip koma til hafnar.

Virðingarfyllst,
Skeljungur hf.


Olafur Jónsson

Alþingi
Erindi nr. P 128/352
komudagur 29.11.2002



Stýrimannaskólinn í Reykjavík

The College of Navigation -- Navigationssskolen

SKÓLAMEISTARI - PRINCIPAL - REKTOR

Sími: 551-3046 - Telephone: Int. + 551-3046 - Telefax 562-2750

e-mail: gudarm@ismennt.is

Sjómannaskólinn v/Háteigsveg

ÍSLAND – ICELAND

Reykjavík, 29. nóv. 2002

Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999

Ég undirritaður er sammála 1. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar 2. gr. er auðvitað sjálfsagt að leita umsagnar og samþykkis

Siglingastofnunar Íslands um legu sæstrengja eða neðansjávarleiðsla áður en þær eru lagðar.


En með tilliti til fiskimiða og tjóns sem hefur iðulega orðið á neðansjávarstrengjum þegar skip að fiskveiðum hafa fest veiðarfærum sínum í neðansjávarstrengjum tel ég nauðsynlegt að í lög verði einnig sett að skylt sé að afla samþykkis hagsmunaaðila í sjávarútvegi eins og LIÚ og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ).

Einnig verði að leita umsagnar Sjómælinga Íslands til þess að sneiða hjá því að strengir eða leiðslur verði lagðar yfir apalhraun, þar sem neðansjávarstrengirnir geta eyðilagst á mjög stuttum tíma.

Þetta er mjög mikilvægt hér upp við landið, en einnig vegna lagna strengja í úthafmu og hafdjúpum hér suður af Íslandi, þar sem eru djúpir dalir og snarbrött fjöll sem rísa upp af sjávarbotni.

Virðingarfyllst,

Guðjón Ármann Eyjólfsson
skólameistari



Alþingi
Erindi nr. P 128/358
komudagur 128/2. 2002



VEÐURSTOFA
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis — samgöngunefnd
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Dags. 28. nóvember 2002
Tilv. 012/4919/MJ/KG

Efni: Umsögn Veðurstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem hér eru lagt til að gerðar verði á lögum um vitamál. Hins vegar er ástæða til að vekja athygli á tvennu í sambandi við þessi lög almennt.

Í fyrsta lagi vekur athygli, að stærstur hluti vitagjalds er greiddur af erlendum skipum þrátt fyrir að augljóst hljóti að vera að íslensk skip séu helstu notendur þeirrar þjónustu sem vitagjaldið stendur undir. Í jafn alþjóðlegu umhverfi og flestar starfsgreinar og þjónusta eru í um þessar mundir má því spyrja hvort hér sé ekki um einhverja mismunun að ræða á milli íslenskra og erlendra notenda.


Í öðru lagi er rétt að vekja athygli á skv. lögum og alþjóðlegum skuldbindingum á Veðurstofa Íslands að veita sjófarendum alhliða veðurþjónustu, þ.e. upplýsingar um rauntímaveður, veðurspár, sjólag, ísingu, hafís á siglingaleiðum o. fl. Í ljósi þess að ofanefnt vitagjald stóð á árinu 2001 undir um 90% kostnaðar við rekstur og stofn-
kostnað öryggiskerfis Siglingastofnunar fyrir sjófarendur (m.a. veðurstöðvar, öldudúfl, rekstur upplýsingakerfis á netinu þar sem m.a. er að finna sjóveðurspár og ölduspár frá Veðurstofunni), má spyrja hvort ekki sé allt eins væri eðlilegt, að gjaldtaka af þessum notendum kæmi að einhverju leyti í hlut Veðurstofunnar.

Það skal tekið fram að gott samstarf er milli Veðurstofunnar og Siglingastofnunar um rekstur veðurstöðva og aðgengi að alls kyns gögnum sem Veðurstofan safnar eða framleiðir. Hins vegar sýnir þessi gjaldtaka enn einu sinni þá mismunun sem er til staðar milli opinberra stofnana, þegar um öryggisþjónustu eins og veðurþjónustu er að ræða.

Virðingarfyllt


Magnús Jónsson
veðurstofustjóri

BÚSTAÐAVEGUR 9, 150 REYKJAVÍK
SÍMI 522 6000 – FAX 522 6001
NETFANG office@vedur.is



Vélaskóli Íslands

Sjómannaskólanum v/Háteigsveg, 105 Reykjavík. S.: 551 9755 heimasíða: vsi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/260
komudagur 25.11.2002

Skólameistari

Reykjavík, 22. nóvember 2002

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um vitamál 258.mál, vitagjald og sæstrengir.

Vélaskóli Íslands gerir engar athugasemdir við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,

Björgvín Þór Jóhannsson
skólameistari

Alþingi
Erindi nr. P 128/425
komudagur 3.12.2002



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 2. desember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um vitamál nr. 132/1999, 258. mál.

Frumvarpið kveður annars vegar á um hækkun á vitagjaldi því sem ákveðið var á árinu 1999 úr 68,60 kr. pr. brúttótonn í 78,20 pr. brúttótonn sem er um 14% hækkun. Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir því að lágmarksgjaldið hækki úr 3000,- kr. í 3500,- kr. sem er tæplega 17% hækkun.

Í annan stað gerir frumvarpið ráð fyrir því að Siglingastofnun Íslands verði umsagnar-og í sumum artriðum samþykktaraðili þegar um er að ræða legu og merkingu sæstrengja, leiðslna sem valin er staður á sjávarbotni ásamt hvers kyns fljótandi mannvirkjum á sjó.

Véltjórafélag Íslands hefur ekki fram að færa athugasemdir í efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst
f.h. Véltjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!